

Smáseiðasleppingar og seiða-
könnun í Svartá árið 1979.

Þann 25. júlí 1979 veitti undrirritaður ásamt öðrum starfsmanni Veiðimálastofnunar, Guðna Guðbergssyni, veiðifélaginu aðstæð við að sleppa sumaröldum laxaseiðum í ána. Það sem eftir var af deginum fór síðan til seiðakannana.

Seiðasleppingar.

Seiðin voru af stofni árinnar, klakin og alin í eldisstöðinni á Sauðárkróki og voru þau um 4 cm að lengd. Sleppt var um 20 þúsund seiðum og fóru þau á eftirtalda staði:

1. Skottastaðir. 1 pokí ca 2000 seiði.

Þar var dreift á 1 km kafla á móts við fjárhúsin.

2. Hvammur. 1 pokí ca 2000 seiði.

Byrjað var að dreifa ca 300 m fyrir neðan bæinn og dreift um 1,5 km niður ána.

3. Stafnsrétt. 4 pokar ca 8000 seiði.

Byrjað var að dreifa um 200 m fyrir ofan Rétt og dreift um 2,0 km upp ána.

4. Fossá. 2 pokar ca 4000 seiði.

Dreift var frá ármótum Svartár og fram að bænum Fossum, eða um 2,5 km.

5. Bugavatn. 1 pokí ca 2000 seiði.

6. Galtalækur. 1 pokí ca 2000 seiði.

Vatnshitinn síðdegis þennan sleppidag var $13,3^{\circ}\text{C}$ í Svartá við Stafnsrétt og $13,1$ í Fossá. Lofthiti var 15°C og sólskin.

Seiðakannanir.

Veitt var á 5 stöðum í ánni og eru staðirnir sýndir á korti.
Meðallengd veiddra seiða er sýnd í töflu 1 hér að neðan.

Tafla 1.

Aldur	Laxaseiði		Urriðaseiða	
	Lengd í cm	Fjöldi seiða	Lengd í cm	Fjöldi seiða
1 árs	5,1	5	5,3	2
2 ára	7,8	33	8,6	1
3 ára	9,8	13	-	0
4 ára	12,1	4	-	0

Engin bleikjuseiði fengust. Á einum veiðistað (no.3) fengust 5 seiði um 2,7 cm að lengd. Leifar kviðpokans sáust á 2 þeirra. Þetta voru annaðhvort laxa- eða urriðaseiði, en á svo ný klöktum seiðum þessara tegunda er enginn útlitsmunur.

Í seiðakönnun sem gerð var árið 1976 kom fram talsverður stærðarmunur á jafnaldra laxaseiðum, milli veiðistaða efst og neðst í ánni. Var þessi stærðarmunur talinn stafa af því, að seiði sem fengust neðst í ánni hefðu verið náttúruleg, en stærri seiðin sem fengust efst, hefðu öll verið sumaralin sleppiseiði (sjá töflu 3), og hefðu fengið vaxtarforskot í eldisstöð, miðað við náttúruleg. Í þessari könnun kom ekki fram súkur stærðarmunur milli jafnaldra laxaseiða, sem fengust í efri eða neðri hluta árinnar. Nú veit ég ekki hvar í ánni sumaröldu laxaseiðunum var sleppt árin 1977 og 1978, né hvenær sumars eða hversu stór þau voru. Ef saman hefur farið að þeim hafi verið sleppt síðla sumars og þau verið smá, þá er stærðarmunur eldis- og náttúrulegra seiða ekki það mikill að unnt sé að greina þau af stærðinni, og eldisseiði eru heldur ekki aðgreinanleg frá náttúrulegum af útlitseinkennum eða öðru. Í könnuninni 1976 voru meðallengdir aldurshópa náttúrulegu seiðanna neðst í ánni um 1/2 cm meiri en seiðanna í þessari könnun. Þessi könnun er hins vegar gerð um 2 vikum fyrr en fyrri könnun (10.-12. ágúst). Á 2 vikum geta seiðin hæglega vaxið góðan 1/2 cm á hávaxtartímanum, þannig að ekki er sjáanlegt að vaxtarskilyrði laxaseiðanna í ánni hafi breyst nokkuð milli þessara tveggja kannana.

Er því frekast að sjá, sem að eftir 1976 hafi verið sleppt smærri seiðum eða seinna að sumrinu, eða þannig hafi viljað til, að í þessari könnun hafi ekki verið veitt í grend við neinn sleppistað, þannig að öll seiðin sem fengust hafi verið náttúruleg. Annars má um vöxtin segja, hvort sem seiðin hafi verið náttúruleg eða eldisseiði, að hann er vel viðunandi, flest þeirra ná göngubroska á 4 árum, einhver 3 ára en önnur þá ekki fyrr en 5 ára.

Áætlaður fjöldi laxaseiða á einstökum veiðistöðum er sýndur í töflu 2 hér að neðan.

Tafla 2. Áætlaður fjöldi laxaseiða, miðað við 100 m² árbotn.

Farin var ein veiðiyfirferð á öllum veiðistöðunum.

Veiðanleikinn er áætlaður 35% fyrir 1 árs seiði, 50% fyrir 2 ára og 65% fyrir 3 ára og eldri. Talan innan sviga er fjöldi veiddra seiða.

Veiði- staðurnir	Veiðisv. í m ²	1 árs	2 ára	3 ára	4 ára	Samtals
1	120	12 (5)	20 (12)	4 (3)	1 (1)	37
2	252	-	14 (18)	4 (6)	1 (2)	19
3	210	-	2 (2)	2 (3)	-	4
4	224	-	1 (1)	1 (1)	-	2
5	140	-	-	-	1 (1)	1

946

Eins og fram kemur í töflunni, þá fengust eins árs seiði einungis á neðsta veiðistaðnum, en sá staður var skammt fyrir ofan Ártún. Þessi árgangur er greinilega lítill að vöxtum, en hann er afrakstur hrygningár haustið 1977. Það ár (1977) veiddist lítið af laxi í ánni eða 46 laxar (sjá töflu 4). Vera má, að laxagangan það árið, hafi einnig verið lítil, og að það sé skýringin á því hversu veikur árgangurinn er. Hins vegar virðist fjöldi 2ja ára seiða í ánni vera talsverður, en þau eru afrakstur hrygningar árið 1976, sem einnig var lélegt veiðiár, veiddust 96 laxar. Fjöldi 3ja ára seiða virðist einnig vera talsverður, en flest þeirra ásamt 4ra ára seiðunum, ganga í sjó nú í vor.

Seiðamagnið á veiðistöðunum fyrir ofan Veiðihús (3-5) var eins og í fyrri könnun stórum minna en á veiðistöðunum fyrir neðan. Uppeldisskilyrðin fyrir seiðin á veiðistöðunum fyrir ofan Veiðihús voru hins vegar síst verri en fyrir neðan, og verður því að telja, að efri staðirnir geti fóstrað mun fleiri seiði en þar voru.

Niðurstöður og hugleiðingar.

Þessi könnun eins og sú fyrri árið 1976 bendir til þess, að laxinn leiti lítið fram fyrir Veiðihús til hrygninga. Fyrir ofan Veiðihús og svo langt fram eftir, sem ég hef séð ána, eða um 3km fram fyrir Stafnrétt, eru víða, að því er best verður séð, ágæt hrygningarskilyrði (hrygningarmöl). Þarna eru einnig víðast hvar ágæt uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði hvað botngerðina og straumlagið varðar, og þó án sé ef til vill eitthvað kaldari þarna framfrá, þá sýna rafveiðarnar að laxaseiði ná ágætum vexti ofarlega í ánni. Urriða- og bleikjustofnar árinnar eru einnig litlir, og er ótrúlegt að þeir þrengi nokkuð að laxinum. Ég get því ekki komið auga á neitt atriði, sem ætti að standa í veginum fyrir laxaframleiðslu efri hlutans. Nefnt hefur verið, sem hugsanleg ástæða fyrir laxleysi hans, að þar myndist mikill grunnstingull og einnig séu þar miklir ísruðningar. Ég hef ekki séð ána við þær aðstæður, en mér finnst ótrúlegt að vetraraðstæðurnar séu það óhagstæðar, að t.d. klak árinnar fyrir ofan Steiná misfarist alfarið af þeim sökum. Mér þykir líklegri skýring á laxleysi árinnar fyrir ofan Steiná, að laxinn sé enn að nema ána, og að hann sé ekki kominn lengra frameftir, þrátt fyrir að ræktunarstarfið hafi hafist fyrir um það bil 50 árum.

Í sambandi við göngu laksins upp á, bendir margt til þess, að hann gangi ekki lengra en hann finni laxalykt fyrir framan sig. Sumir fiskifræðingar telja jafnvel, að laxinn hrygni á þeim stað í ánni, sem ólst upp sem seiði. Ef þessar kennningar eru réttar þá tekur það, laxinn mörg ár að fullnema á. Nú hefur hins vegar verið sleppt í Svartá, sumaröldum laxaseiðum í mörg ár. Hvar þessum seiðum hefur verið sleppt veit ég ekki, og ekki hef ég heldur upplýsingar um fjöldann, nema frá árinu 1970 og fram til dagsins í dag. Á þessum árnum hefur verið sleppt þetta 4-20þúsund smáseiðum á ári auk gönguseiða (sjá töflu 3). Slepping 10 þúsund sumaralinna laxaseiða má leggja að jöfnu við got um 6-8 hrygna. Ef í ána fyrir ofan Steiná hefur einungis verið sleppt poka og poka, þá er hverfandi það seiðamagn sem í árhlutann hefur farið. Ef fyrrnefndu kennningar eru réttar, og litlu hefur verið sleppt fyrir ofan Steiná, þá er ekki við því að búast, að það leiði til skyndilegrar aukningar á laxagögum þangað frameftir, þó svo að þar væru góð uppvaxtarþilyrði fyrir seiðin. Einnig má vera, að vegna ókunnugleika hafi ekki verið rétt að sleppingunum staðið, og þær því

gefið minni árangur en ella. Þetta eru annars allt hugleiðingar, það sem þarf að gera, er að fylgjast með bæði vexti og aföllum þeirra seiða, sem sleppt var í efri hlutann í fyrra (1979), og fá úr því skorið, hversu lífvænlegt er þar fyrir laxaseiði.

Af niðurstöðum seiðakönnunarinnar 1976 var gerð spá um laxagönguna árið 1978, út frá fjölda 3ja ára seiða. Var áætlað að gangan það árið yrði 300-500 laxar. Veiðin varð 295 laxar. Í þeirri könnun var einnig sterk vísbending um það, að 2ja ára seiðaárgangurinn væri hlutfallslega sterkari en 3ja ára árgangurinn. Að líkendum hefur svo verið, því veiðin í fyrra, sem byggði að hluta til á þeim árgangi, var 496 laxar. Eins árs seiðaárgangurinn í könnuninni 1976, kom hins vegar út sem veikur, miðað við báða fyrrnefndu árgangana. Þessi árgangur verður væntanlega aðaluppistaða eins árs fisksins (það er smáfisksins), sem gengur í ána í ár (1980). Ef þessi seiðakönnun hefur gefið rétta mynd af árgangnum, þá ætti laxagangan í ár, að vera eitt-hvað minni enn í fyrra, en fiskurinn vænn því vænta má talsvert af 2ja ára fiski.

Þessi seinni seiðakönnun er mun ónákvæmari en sú fyrrri, og er vart raunhæft, að að leggja hana til grundvallar neinum aflaspám. Ef það væri nú samt sem áður gert, og þá fremur í gamni, en að hún verði tekin alvarlega, þá væri hún á þennan veg:

Árið 1981 verði meðalveiði og líklegast hlutfallslega mikið af smáfiski, árið 1982 verði góð veiði bæði stór og smár fiskur og árið 1983 verði fremur lélegt ár en hlutfallslega mikið af vænum fiski.

Reykjavík, 17. apríl 1980.

Teitur Arnlaugsson
Teitur Arnlaugsson

Tafla 3. Seiðasleppingar í Svartá árin 1970-1979.

	Sjögönguseiði	Sumaralin
1970	3000	8000
1971	4000	5000
1972	5000	4000
1973	4700	8000
1974	2500	12000
1975	1900	10000
1976		15000
1977		20000
1978	1800	15000
1979		20000


Tafla 4. Laxveiðin árin 1965-1979.

1965	403
1966	230
1967	190
1968	203
1969	152
1970	452
1971	609
1972	726
1973	565
1974	420
1975	232
1976	96
1977	46
1978	295
1979	469

KORI.

SUARETÁ - HUARAVITAS SUL

X = RAVINE INSTRUMENT



VEIÐIMÁLASTOFNUNIN
PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. apríl 1980.

Formaður veiðifélags Svartár,
Hr. Pétur Hafsteinsson.

Komdu blesaður.

Þú færð hér skýrsluna um kannanirnar á síðasta ár, en eins og þú veist, þá voru þetta ekki ýtarlegar kannanir. Áframhaldandi sleppingum sumaralinna laxaseiða í ána er ég meðmæltur. Ef sleppt verður nú í summar, þá tel ég, að því ætti að dreifa í árhlut milli Torfastaða og Steiná. Bæði í könnuninni í fyrra og 1976, var ekki nema reytingur af laxaseiðum í þessum árhluta og finnst mér allt benda til þess, að hann geti fóstrað mun meira af laxaseiðum en þar var. Í árhlutanum fyrir neðan Veiðihús virðist náttúrulega klakið vera það mikið, að ekki er ástæða til að sleppa neinum seiðum þar. Eins og fram kemur í skýrslunni, þá tel ég að í árhlutanum frá Steiná og fram fyrir Stafnrétt, séu skilyrði fyrir laxaseiði. Ég myndi þó telja rétt, að ekki verði sleppt þarna framfrá þetta árið, í þeirri von að fljótlega verði unnt að kanna árangur sleppinganna þar, frá því í fyrra.

Þú hringir í mig, ef þú vilt fá einhverjar frekari uppiýsingar um það, sem fram kemur í skýrslunni, eða þá um seiðasleppingar.

Kær kveðja,

Pétur Hafsteinsson.